

VERÐUM AÐ FINNA FÓLKID



„Það er bara álíka fáránlegt að láta trúfélögin sjá um þetta fólk eins og að láta þau sjá um krabbameinssjúklinga og hjartveika.“

FRANKVÆMDASTJÓRN GEBHJÁLPAR
Sveinn Magnússon segir valdhafana beita öllum brögðum til þess að skjóta sér hjá ábyrgð á fórnarlömbum Breiðavíkur og Byrgisins. Hann segir að ráðuneytin bendi hvert á annað og frekar sé hugsað um hagfræði en hjálp við einstaklinginn.

Geðhjálp hefur gagnrýnt aðferðir yfirvalda til þess að koma til móts við fórnarlömb frá Breiðuvík og úr Byrginu. **Sveinn Magnússon** segir frá því hvernig stofnanir samfélagsins þora ekki að axla ábyrgð með þeim afleiðingum að fórnarlömbin eru engu bættari.

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp- ar, hefur gagnrýnt stjórnvöld og heilbrigðiskerfi fyrir þá aðstoð sem fyrrum vistmönnum á Breiðuvík og úr Byrginu hefur verið boðin. Hann segir vilja ráðamanna vera innistæðulausan og fullyrðir að fórnarlömbunum hafi verið úthýst af Landspítalanum. Stjórn Geðhjálp- ar hefur lýst því yfir að heilbrigðis- og félagsmálafyrirvöld skorti samhefingu til þess að veita þá þjónustu sem fólk þarf á að halda.

Til þess að svara þessari gagnrýni sendi geðsvið Landspítalans frá sér fyrirlýsingu til þess að áréttá að tekið hafi verið á móti öllum sem leitað hafi aðstoðar. Sveinn segir að ganga verði mun lengra með því að fara á vettvang.

Í skjóli persónuverndar

Sveinn segir að yfirvöld forðist það í lengstu lög að taka ábyrgð á þessum málum og meðal annars skýli stofnanir sér á bak við lög um persónuvernd. „Ég segi að við verðum að hafa upp á þessum einstaklingum. Þá er ég bara spurður hvort að ég ætli mér að brjóta persónuréttindi þessa fólks“, segir Sveinn.

Hann segir að um sé að ræða fólk sem sé veikt og geti ekki endilega sinnt sínum brýnustu þörfum. „Það er vitað í öllum tilfellum hvaða einstaklingur þetta eru. Ef við eigum að horfa fram hjá þeim þá væri það eins og að ganga aðgerðarlaus fram hjá meðvitundarlausum manni. Eg er ansi hræddur um að

SIGTRYGGUR ARI JÓHANSSON

bláamatur skrifar: sigtryggur@id.is



flestir myndu hjálpa þeim manni, burtséð frá lögum um persónuvernd“, segir Sveinn.

Beita ósannindum

Sveinn telur að í þessum viðbrögðum ráðuneyta og stofnana felist að menn séu að skjóta sér undan ábyrgð. „Hvað ætli valdi þessarir tregðu? Félagsmálaráðuneytið segist ekki bera neina ábyrgð á þessu. Biddu, þetta fólk er heimilislaust. Þetta heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Landlæknir segir að ekkert hafi verið kvartað við sig. Það eru ósannindi. Við vitum að aðstandendur hafa leitað til þeirra. Við sem veitum þjónustuna þurfum að fara út á vettvanginn, en ekki að biða eftir því að vettvangurinn komi til okkar.“ Hann segir að þetta fólk hafa einfaldlega ekki getu til þess að leita sér aðstoðar. „Okkur ber skylda til þess að sækja þá heim. Það er ekki þar með sagt að við ætjum að fara að brjóta á þeim.“

Fordómarnir

„Ég hef oftan en einu sinni heyrt það sagt í ákveðnum tilfellum að málið leysist ekki fyrr en viðkomandi er dauður“, segir Sveinn. Hann segir þetta viðhorf vera sportið upp úr því úræðaleysi sem fólk sé orðið vant. Oft á tíðum sé lítið á þetta fólk sem ræfja og dópista. „Það eru mörg dæmi um einstaklinga sem eru lagðir inn á geðdeild Landspítalans. Þeir eru síðan útskrifaðir jafnvel þó að það sé vitað að þetta fólk eigi í engin hús að venda. Þetta er náttúrulega hand- ónytt.“

Sveinn fagnar því að komið hafi verið á þverfaglegu teymi til þess að sinna fórnarlömbum úr Byrginu og frá Breiðuvík. Hans gagnrýni beinist að framkvæmdinni. „Þetta er aðeins lítið brot af því sem þessir einstaklingar þurfa á að halda. Og annað. Það þýðir ekkert að auglýsa þessa þjónustu eins og hvem annan gosdrykk.“

Að loka Byrginu

Sveinn telur að það hafi verið afleið mistök að loka Byrginu þegar í öfni var komið. „Þetta fólk fór beint aftur á götuna. Það þýðir ekkert að segja að þetta fólk séu ekki geðsjúklingar, aðeins fíkniefnaneytendur. Það breytir akkúrat engu.“ Þessu til stuðnings bendir Sveinn á að helmingur fíkniefnaneytenda endi alvarlega gæveikri. Þarna skipti ekki máli hvort sé hæna og hvort sé egg.

„Á lþingi hafa menn reytt hárt sitt í leit að skúddögum. Þetta sýnt ekki um þau hjá okkur. Við horfum bara á staðreyndir sem eru öllum

ljósar. Og hvað ætjum við að gera til þess að takast á við þetta? Við höfum peninga og við höfum úr- ræði. Nú þarf viðhorfsbreytingu. Það þarf viðhorfsbreytingu í sam- féluginu, en fyrst og fremst þurfum við að höfða til valdhafanna sem hafa spilin á hendi.“

Rangar tölur

Á skrá hjá Geðhjálp eru 46 heimilislausir einstaklingar. Sveinn segir listann ekki vera tæmandi því að þarna inni sé ekki fólk sem var í Byrginu. „Félagsmálaráðuneytið telur að í höfuðborginni séu nú manns á götunni. Öll úrræðin miðast við þessa tölu. Það var gerður sam- ingur milli félagsmálaráðuneytis og velferðarsviðs Reykjavíkurborg- ar um að borgin hýsti tíu heimilis- lausa.“ Sveinn spyr hvar heilbrigðis- þjónustan komi þarna nærri. Hann telur að þarna séu menn að forðast vandann. „Einar Oddur Kristjánsson átti sinnilega kollgátuna þegar hann sagði um daginn að þetta snérist aðeins um peninga“, segir Sveinn.

Hann segir að auðvitað sé mun dýrara að hafa þetta fólk á sjúkra- stofnunum en undir vermdarvæng trúfélaga. „Það er bara álíka fáránlegt að láta trúfélögin sjá um þetta fólk eins og að láta þau sjá um krabbameinssjúklinga og hjart- veika. Þannig mætti örugglega spara stórfé, en við erum í öllum tilfellum að tala um sjúklinga.“

Á leið til glötunar

Hvað skyldu margir þeirra sem dvöldu á Breiðuvík og í Byrginu hafa leitað eftir þeirri aðstoð sem boð-



BRÉIDAVÍK Í heildina hafa 26 manns notfært sér aðstoð sem boðið var upp á. Meirihluti þeirra eru fyrirverandi vistmenn á upptökuheimlinu á Breiðuvík. Sveinn þekkir til þess að menn sem dvöldu fyrir vestan hafi framið sjálfsmorð. Hann segir augljóst að mikið sé í hafi.

íð er upp á? „Matthías Halldórsson landlæknir segir mér að 26 manns hafi sóst eftir þessari aðstöð. Ég held að meirihlutinn þessa menn sem voru á Breiðuvík. Þetta segir okkur strax að þetta er ekki að virka. Byrgið eitt og sér hýsti 25 til 40 manns. Hvar skyldi þetta fólk vera“, spyr Sveinn. Hann kveðst hafa verið í sambandi við aðstandendur fólks úr Byrginu sem nú reynt hár sitt vegna þess að ættingjarnir séu á hraðri leið til glötunar. „Þessi leið, sem valið var að fara, dugar aðeins fyrir lítinn hluta þessa fólks.“



BYRGID Fólk sem dvöldu í Byrginu hefu ekki skilað sér til geðsviðs Landspítalans til þess að biggja aðstöð. Sveinn segir að hugsa þurfi um þetta fólk eins og sjúklinga og til þeirra verði að nást.